



Stjórn SSH 342. fundur

Miðvikudaginn 21. október 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Lúðvík Geirsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Pálmi Músson.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Aðalfundur SSH 6. nóvember 2009.

a) Dagskrá fundarins.

Farið var yfir drög að dagskrá fundarins, hún rædd og afgreidd.

b) Fjárhagsáætlun SSH fyrir 2010.

Fyrir lágu drög að fjárhagsáætlun ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra.

Umræður – samþykkt að framkvæmdastjóri gangi frá endanlegri tillögu að fjárhagsáætlun sem byggist á 5 – 10% lækkun til samræmis við almenn markmið sveitarfélaganna við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2010.

c) Tillaga að breytingum á samþykktum fyrir SSH

Fyrir lágu drög að breyttum samþykktum fyrir SSH ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra. Umræður

Framkvæmdastjóra falið að ganga endanlega frá tillögu að breyttum samþykktum í samræmi við umræður á fundinum og senda út með dagskrá aðalfundarins.

d) Ályktanir frá stjórn til framlagningar og afgreiðslu á aðalfundinum.

Fyrir lágu drög að ályktunartillögu v. fjármála sveitarfélaganna. Umræður.

Tillagan verður í áframhaldandi mótun.

2. Sónaráætlun fyrir Ísland 20/20

Fyrir fundinum lá samþykkt ríkistjórnar um svæðisskiptingu vegna gerðar sóknaráætlunarinnar og aðkomu landshlutasamtaka sveitarfélaga að gerð áætlunarinnar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi með stýrihópi sóknaráætlunarinnar sem haldinn var fyrr um daginn.

Umræður

Niðurstaða:

Beðið er frekari upplýsinga um þau verkefni sem landslutasamtökunum er ætlað að sinna og mat á umfangi þeirrar vinnu sem í því felst.



3. Önnur mál

- a) Rætt var um undirbúning fyrirhugaðs fundar með menntamálaráðherra sbr. 1. mál 341. fundar.
- b) Farið var yfir stöðu v. vinnu við endurskoðun á stofnsamningi og eigendasamkomulagi Strætó bs.
- c) Rætt var um gildandi reglur aðildarsveitarfélaganna vegna þátttöku þeirra í kostnaði einstaklinga utan grunnskólaaldurs í tónlistarnámi.
Framkvæmdastjóra falið að kalla fræðslustjóra og/eða forstöðumenn þeirra sviða sem fara með málefni tónlistarskólanna í aðildarsveitarfélögunum til að fara yfir gildandi reglur og ræða leiðir til samræmingar á milli sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:50